

Ed. 824. Frumvarp til laga [474. mál]

um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Í stað „1 ár“ í 2. tölul. 1. mgr. 112. gr. komi: 3 ár.

2. gr.

112. gr., sbr. lög nr. 99 31. desember 1982, breytist sem hér segir:

- a. Í stað „20 000 krónum“ í 2. tölul. 1. mgr. komi: 90 000 krónum.
- b. Í stað „12 000 króna“ í 2. mgr. komi: 54 000 króna.
- c. Í stað „4000 krónum“ í 2. mgr. komi: 18 000 krónum.
- d. Í stað „1200 króna“ í 3. mgr. komi: 5400 króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 2. tölul. 1. mgr. 112. gr. er heimild til að ljúka málum með svokallaðri dómsátt ef brot er skýlaust sannað og telja má að refsing muni ekki fara fram úr sektum ef dómur gengur um málið. Jafnframt er heimilt að ákveða sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða réttar til að öðlast slíkt leyfi í 1 ár eða skemmri tíma. Þetta þýðir í reynd að heimilt er að ljúka með dómsátt málum fyrir umferðarlagabrot, sem hafa í för með sér sviptingu ökuréttinda, og þar með málum fyrir ölvunarakstur ef ekki er um ítrekað eða stórfellt brot að ræða. Samkvæmt eldri umferðarlögum, nr. 40/1968, sem féllu úr gildi 1. mars sl., var skylt að svipta þann ökuréttindum ævilangt sem dæmdur var sekur um ítrekaðan ölvunarakstur.

Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. núgildandi umferðarlaga, nr. 50/1987, er gert ráð fyrir að sá sem ítrekað gerist sekur um ölvunarakstur skuli sviptur ökuréttindum í 2–3 ár og að sviptingartími fari eftir áfengismagni í blóði.

Sú breyting, sem lögð er til í þessari grein, felur m.a. í sér að heimilt verði að ljúka málum fyrir ítrekaðan ölvunarakstur með dómsátt, að uppfylltum öðrum skilyrðum greinarinnar, þar með talið að brot sé skýlaust sannað og að refsing muni ekki fara fram úr sektum ef dómur gengur um málið.

Í dómsframkvæmd er langalgengast að sekt sé dæmd fyrir ítrekaðan ölvunarakstur. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að ljúka megi um 300 málum með dómsátt sem samkvæmt núgildandi lögum ganga til dóms.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er sektarheimild lögreglustjóra bundin við 12 000 krónur og sektarheimild lögreglumanna bundin við 1200 krónur. Með sama hætti er heimild lögreglustjóra til að ákveða eignaupptöku vegna brota sem sektarheimild lögreglustjóra nær til bundin við 4000 krónur og heimild dómara til að ákveða eignaupptöku, ef brot er skýlaust sannað, en sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur, takmörkuð við 20 000 krónur.

Fjárhæðir þessar hafa staðið óbreyttar frá árinu 1982. Er lagt til að fjárhæðir þessar verði hækkaðar vegna verðlagsbreytinga. Sektarheimildir þessar hafa gefið góða raun og létt verulega álagi af dómstólum. Er því nauðsynlegt að heimildirnar fylgi verðlagsþróun.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.